


AFSTÖÐUMYND MKV. 1:500

## BYGGINGARLÝSING - GREINAGERÐ HÖNNUÐAR AÐALUPPDRÁTTA

**Lokahús RARIK, Ásuhvammur 1a, 370 Búðardalur, Dalabyggð.**

| | |
|---|---|
| Landnúmer: | LXXXXXX |
| Matshluti: | 01 |
| Staðfanganúmer: | - |
| Lóð | 240 m² |

**Yfirlit:**
Fyrirhugað er að reisa lokahús á lóð Rarik við Brekkuhvamm í Búðardal, Dalabyggð. Húsið er í notkunarflokki 1.
Húsið er byggt úr timburklæddri flatstáls grind sem hvílir á steyptum undirstöðum, útveggir eru timburgrind sem er einangruð og klædd með timbri að utan. Að innanverðu er klætt með krossvið og gipsi sem er spartlað og málað. Flatstál, rennur og þakjárn er galvaniserað. Steypt plata undir lokahúsi sem og steypt stétt á útisvæði.

Þakstrúktúr þjónar einnig sem áningarstaður með upplýsingum um hitaveitu.

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu til nefnds aðila á samræmi eða CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

**Forsendur hönnunar:**
Við hönnun byggingarinnar er unnið út frá byggingarreglugerð HMS og gildandi byggingarstöðlum. Reynt er að uppfylla allar kröfur gildandi reglugerða en um leið að koma til móts við óskir verkkaupa/lóðarhafa.

Helstu stærðir eru eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| Stærð lóðar | m² | 240 m² |
| Brúttógrunnflötur húss | m² | 14,1 m² |
| Rúmmál húss | $m^3$ | 60,5 $m^3$ |
| Nettógrunnflötur húss | m² | 14,1 m² |
| Nýtingarhlutfall lóðar er | | 0,058 |

**A) Aðgengi/Lóð**
Lóðin stendur á horni Brekkuhvamm og Vestfjarðavegar. Lóðin er slétt við byggingarreit.

Gólfkóti er viðmiðunarkóti með efri brún plötu í 0.00.

Bílastæði eru í landi Dalabyggðar og standa við Ásuhvamm nálægt gatnamótum við Brekkuhvamm. 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða næst byggingu og 2 hefðbundin.

**B) Einangrun**
Undir plötu er 100 mm EPS einangrun. Utan á sökklum er 75 mm steinullar einangrun.

**C) Hljóðvist**
Engin hávaði er af þeirri starfsemi sem þarna fer fram. Hefðbundin einangrun telst næg.

**D) Brunavarnir**

**Notkunarskilmálar**
Byggingin er lokahús í notkunarflokki 1, þ.e. mannvirki eða rými þar sem fólk sem er í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út eða á öruggt svæði við eldsvoða. Ekki er gert ráð fyrir að fólk gisti í mannvirkinu.

**Brunaþol burðarvirkis**
Brunaþol burðarvirkis skal vera a.mk. R30.
Brunaþol þakburðarvirkis skal vera a.m.k. R30.

**Brunahólfun og afstaða til nærliggjandi bygginga**
Byggingin er öll eitt brunahólf. Langt er í næstu byggingu eða a.m.k. 20 metrar.

**Flóttaleiðir**
Ein flóttaleið er í byggingunni sem liggur beint út undir bert loft.

**Yfirborðsefni og klæðningar**
Lofta- og veggjaklæðningar innanhúss eru í flokki 1 (K210 B-s1,d0) skv. ÍST EN 13501-1.
Utanhússklæðningar eru í flokki 2 (K210 D-s2,d0).
Yfirborð gólfa er a.m.k. í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina Dfl-s1.
Þakklæðningar eru í flokki T og skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-5 um flokkunina BROOF(t2).
Nota skal óbrennanlega einangrun í bygginguna, A2-s1,d0, nema þar sem forsamþykktar undanþágur byggingarreglugerðar heimila brennanlega einangrun.

**Neyðarlýsing**
Neðarlýsing verður skv. leiðbeiningum HMS nr. 9.4.12, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

**Brunaviðvörunarkerfi**
Viðurkennt sjálfvirkt burnaviðvörunarkerfi verður í byggingunni, hannað og sett upp uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar HMS nr. 6.038 og ÍST EN 54.

**Handslökkvitæki**
E) Handslökkvitæki verða í byggingunni í samræmi við ÍST EN 3. Sett verður 5 kg kolsýrutæki og 6 kg léttvatnstæki í grennd við útgang í byggingunni.**Byggingarhlutar**

**Grundun:**
Undirstöður hvíla á frostfrírri þjappaðri malarfyllingu.
Malarfylling í og að grunni skal vera hrein grús laus við lífræn jarðefni.

**Sökklar og gólf:**
Sökkulveggir eru 250 mm þykkir, járnbentir og steyptir á staðnum.
Gólfplata er 150 mm járnbent og staðsteypt. Gólfplata er vélslípuð og lökkuð með epoxý.

**Burðavirki**
Lokahúsið verður byggt á steyptri gólfplötu, 150 mm þykkri, þar undir 100 mm einangrun, sem hvílir á steyptum sökklum. Útveggir verða byggðir upp með 145x45 mm stoðum með 145 mm einangrun á milli. Utan á veggstoðir verður klætt með krossvið og síðan lerkiklæðningu. Uppbygging þaks verður 195 mm sperrur c/c 600 með 145 mm steinullareinangrun með vindpappa á milli sperra. Klæðning að innan er í flokki 1.

**Útveggir/innveggir mannvirkis:**
Útveggir eru einangruð og klædd timburgrind 45x145 með krossvið að utan og innan ásamt gifsklæðningu að innan. Lerkiklæðning er að utan.

**Þak:**
Þak er mænisþak með 28° halla. Uppbygging þaks verður 195 mm sperrur c/c 600 með 150 mm steinullareinangrun með vindpappa á milli sperra. Þakið yfir útisvæði er eins uppbyggt en án einangrunar.

**Útihurðir:**
Gönguhurðir eru álhurðir með galvaniseraðri áferð eða áþekkum lit.
Öryggisgler er í glerjaðri hurð.
Hurðir skulu standast íslenskar aðstæður og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar 112/2012, gr. 8.2.6 um slagregnsprófun og gr. 6.4.2-6.4.3 varðandi frágang og stærð hurðargata og búnaðar.

**Gluggi:**
Gluggi er álgluggi, glerjaður með öryggisgleri.

F) Loftræsing
Hefðbundin vélræn loftræsing verður í lokahúsinu, ekki er talin þörf á umfangsmikilli loftræsingu, bara loftskiptum.

**G) Lagnir**
Lagnir í jörðu eru Ø110 PP lagnir.

**Frárennslislagnir:**
Niðurfall verður í rýminu og verður regnvatnslögn og niðurfall frá húsinu tengt við núverandi fráveitukerfi Búðardals við Brekkuhvamm.

**Raflagnir:** Verkís
Raflagnir eru hannaðar með hliðsjón af kröfum byggingarreglugerðar 112/2012, kafla 14.7, *Raflagnakerfi og raforkuvirki*, Stuðst er við staðlana ÍST 150 og ÍST 151 við hönnun raflagna. Við brunaþéttingu og brunahönnun raflagna er stuðst við ÍST EN 54 og leiðbeiningarblöð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
Sjá lagnauppdrætti raflagnahönnuðar. Öll lýsing skal vera í samræmi við og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar og óskir verkkaupa.

**Starfsemi:**
RARIk

**Sorpgeymsla:**
Engin sorpgeymsla verður á staðnum og er gert ráð fyrir að verktakar og starfsmenn taki allt með sér að verki loknu.

**Hönnunarstjóri:**
gagn ehf. - Magnús Freyr Gíslason
**Lagna- og burðarvirkishönnun:**
Verkís - Hannibal Ólafsson

**Hönnuður aðaluppdrátta:**
gagn ehf. Magnús Freyr Gíslason

Fyrirvari:

Teikning skal lesin með viðeigandi teikningum, verklýsingum og öðrum gögnum sérhönnuða burðarvirkis, lagna og rafmagns.

Mál skulu sannreynd á staðnum áður en smíði hefst og misræmi í teikningum tilkynnist arkitektum strax,

Öll mál á teikningu eru í millimetrum. Mælið ekki af teikningu.

Teikningu má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis höfundar.

Uppgefnir kótar eru viðmiðunarkótar.

| Breyting: | Dags: | Teiknað: | Lýsing: |
|---|---|---|---|
| - | - | - | - |

Skýringar:

| | |
|---|---|
| EV | Eldhúsvaskur |
| UV | Uppþvottavél |
| SB | Sturta |
| BK | Baðkar |
| VS | Vatnssalerni |
| HL | Handlaug |
| RV | Ræstivaskur |
| GN | Gólfniðurfall |
| GNG | Gegnumsteymis gólfniðurfall |
| ÞV | Þvottavél |
| ÞU | Þurrkari |
| RH | Rafhleðsla |
| SK | Slöngukrani |
| ÚK | Útikrani |
| R | Reykskynjari |
| ET | Eldvarnarteppi |
| SL | Slökkvitæki |
| ---> | Flóttaleið |
| REI-60 | Eldvarnarveggur |
| EI/2 30-CS/200 | Eldvarnarhurð |
| BO | Björgunarop |

Skráningartöflu er skilað á rafrænu formi.

Yfirfarið af burðarvirkishönnuði, Hannibal Ólafssyni.

Hönnuður:
Magnús Freyr Gíslaon
Arkitekt
kt. 051084-3149
magnus@gagn.is
+354 867 9040

Verk:
ÁSUHVAMMUR 1A, LOKAHÚS, BÚÐARDALUR - RARIK

Teikning:
AFSTÖÐUMYNDIR, BYGGINGARLÝSING

| | |
|---|---|
| Teiknað: MFG | Dagsetning útgáfu: 18.04.2026 |
| Mælikvarði: 1:500 | Blaðstærð: A2 |
| Verknúmer: G2602 | Útgáfa: AÐALUPPDRÁTTUR |
| Teikninganúmer: **A100** | Breyting: **-** |

GAGN
@: info@gagn.is
t:+354 867 9040

DRÖG




GRUNNMYND JARÐHÆÐ mkv. 1:100




SNIÐ A-A mkv. 1:100




ÚTLIT-SUÐUR mkv. 1:100




ÚTLIT-VESTUR mkv. 1:100




ÚTLIT-NORÐUR mkv. 1:100




ÚTLIT-AUSTUR mkv. 1:100

Fyrirvari:

Teikning skal lesin með viðeigandi teikningum, verklýsingum og öðrum gögnum sérhönnuða burðarvirkis, lagna og rafmagns.

Mál skulu sannreynd á staðnum áður en smíði hefst og misræmi í teikningum tilkynnist arkitektum strax.

Öll mál á teikningu eru í millimetrum. Mælið ekki af teikningu.

Teikningu má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis höfundar.

Uppgefnir kótar eru viðmiðunarkótar.

| Breyting: | Dags: | Teiknað: | Lýsing: |
|---|---|---|---|
| - | - | - | - |

Skýringar:

| | |
|---|---|
| RH | Rafhleðsla |
| R | Reykskynjari |
| SL | Slökkvitæki |
| ➔ | Flóttaleið |

Skráningartöflu er skilað á rafrænu formi.

Yfirfarið af burðarvirkishönnuði, Hannibal Ólafssyni

DRÖG

Magnús Freyr Gíslaon
Arkitekt

kt. 051084-3149
magnus@gagn.is
+354 867 9040

Verk:

ÁSUHVAMMUR 1A, LOKAHÚS, BÚÐARDALUR - RARIK

Teikning:

GRUNNMYND, ÚTLIT OG SNIÐ

| Teiknað: | Dagsetning útgáfu: |
|---|---|
| MFG | 18.04.2026 |
| **Mælikvarði:** | **Blaðstærð:** |
| 1:100 | A2 |
| **Verknúmer:** | **Útgáfa:** |
| G2602 | AÐALUPPDRÁTTUR |
| **Teikningarnúmer:** | **Breyting:** |
| **A101** | **-** |

GAGN

@: info@gagn.is
t:+354 867 9040



ÁSÝND



ÁSÝND



ÁSÝND

Fyrirvari:

Teikning skal lesin með viðeigandi teikningum, verklýsingum og öðrum gögnum sérhönnuða burðarvirkis, lagna og rafmagns.

Mál skulu sannreynd á staðnum áður en smíði hefst og misræmi í teikningum tilkynnist arkitektum strax.

Öll mál á teikningu eru í millimetrum. Mælið ekki af teikningu.

Teikningu má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis höfundar.

Uppgefnir kótar eru viðmiðunarkótar.

| Breyting: | Dags: | Teiknað: | Lýsing: |
|---|---|---|---|
| - | - | - | - |

Skráningartöflu er skilað á rafrænu formi.

Yfirfarið af burðarvirkishönnuði, Atla Gunnari Arnórssyni


Magnús Freyr Gíslaon
Arkitekt

kt. 051084-3149
magnus@gagn.is
+354 867 9040


Verk:

ÁSUHVAMMUR 1A, LOKAHÚS, BÚÐARDALUR - RARIK

Teikning:

ÁSÝNDIR

| | |
|---|---|
| Teiknað: MFG | Dagsetning útgáfu: 18.04.2026 |
| Mælikvarði: - | Blaðstærð: A2 |
| Verknúmer: G2602 | Útgáfa: AÐALUPPDRÁTTUR |
| Teikninganúmer: **A103** | Breyting: - |

GAGN

@: info@gagn.is
t:+354 867 9040

DRÖG